

Sþ. 428. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]
um lausn fiskveiðideilunnar við Breta.

(Lögð fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1961.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leysa fiskveiðideiluna við Breta í samræmi við orðsendingu þá; sem prentuð er með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, heimilar ríkisstjórninni, ef samþykkt verður, að leysa fiskveiðideiluna við Breta í samræmi við orðsendingu þá, sem prentuð er með ályktuninni, enda má telja tryggt, að brezka ríkisstjórnin fallist á þá lausn.

Þessi lausn felur í sér fjögur meginatriði:

1. Bretar viðurkenna nú þegar 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands.
2. Bretar viðurkenna þýðingarmiklar breytingar á grunnlínum á fjórum stöðum umhverfis landið, en af því leiðir aukningu fiskveiðilögsögunnar um 5065 km².
3. Brezkum skipum verður heimilað að stunda veiðar á takmörkuðum svæðum á milli 6 og 12 mílna og takmarkaðan tíma á ári, næstu þrjú árin.
4. Ríkisstjórn Íslands lýsir yfir því, að hún muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland og að ágreiningi um hugsanlegar aðgerðir skuli vísað til Alþjóðadómstólsins.

Áður en gerð verður nánari grein fyrir þessum fjórum atriðum, er nauðsynlegt að rekja stuttlega aðgerðir Íslendinga í landhelgismálinu.

Aðgerðir Íslendinga í landhelgismálinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um langan aldur hefur það verið deilumál milli ríkja, hvernig skyldi ákveða viðáttu landhelginnar.

Þegar lítið er á aðstæður Íslendinga, þar sem auðug fiskimið eru allt umhverfis landið og þjóðin byggir afkomu sína að verulegu leyti á hagnýtingu fiskistofna á þessum miðum, er augljóst, hversu mikla þýðingu það hefur hver framvinda verður á þessu sviði.

Samningur sá, sem Danir gerðu við Breta árið 1901, um 3 mílna landhelgi við Ísland, hafði afdrifarík áhrif á viðgang fiskistofna hér við land með því að draga stórkostlega úr þeirri vernd, sem þeir nutu, meðan fiskveiðar útlendinga voru óheimilar innan við 4 mílur, sem miðaðar voru við beinar grunnlínur.

Löngu fyrir síðustu styrjöld var mönnum orðið ljóst, að hin samningsbundna landhelgi veitti fiskistofnunum ekki næga vernd og fiskveiðar Íslendinga voru í hættu vegna ofveiði. Þegar eftir styrjöldina var því hafizt handa um undirbúning ráðstafana til verndar fiskistofnunarinnar við Ísland. Árið 1948 voru sett lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, þar sem sjávarútvegsmálaráðherra var heimilað að setja reglur um fiskveiðar innan endimarka landgrunnnsins.

Árið 1950 var sett fyrsta reglugerðin á grundvelli landgrunnslaganna, en hún gilti einungis fyrir Norðurland. Var þá enn í gildi samningurinn við Breta frá 1901. Með þessari reglugerð var mörkuð sú stefna, sem síðar var farin, að því er grunnlínur snertir. Voíu þá ákveðnar beinar grunnlínur á þessu svæði, og jafnframt var fiskveiðilögsaga ákveðin 4 sjómílar frá grunnlínunum.

Samningnum við Breta, sem uppsegjanlegur var með tveggja ára fyrirvara, hafði verið sagt upp í október 1949, og gekk hann úr gildi í október 1951. Um það leyti var mál Breta og Norðmanna um grunnlínur við Noreg komið í dóm fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag, og féll dómur í málinu í desember 1951. Norðmenn unnu málið í öllum meginatriðum og fengu þar með viðurkenningu á beinum grunnlínunum, sem þeir höfðu miðað landhelgi sína við. Hafði þessi dómur Alþjóðadómstólsins mikla almenna þýðingu í sambandi við ákvörðun grunnlína og myndun reglna um það atriði.

Þegar hinn 19. marz 1952 gaf ríkisstjórn Íslands út reglugerð, er náði til alls landsins, þar sem beinar grunnlínur voru dregnar og fiskveiðilögsaga ákveðin 4 sjómílar frá þeim.

Brezka ríkisstjórnin og ríkisstjórnir þriggja annarra landa mótmæltu þessum aðgerðum Íslendinga, en létu þar við sitja. Hins vegar beittu samtök brezkra togaramanna sér fyrir löndunarbanni á íslenskum ísvörðum fiski í brezkum höfnum.

Ítrekaðar viðræður fóru fram milli íslenskra og brezkra stjórnvalda, þar sem báðir aðilar settu fram sjónarmið sín varðandi stækkun fiskveiðilögsögunnar og löndunarbannið. Fyrri hluta árs 1953 var t. d. rætt um þann möguleika að leggja deiluna um reglugerðina frá 19. marz 1952 fyrir Alþjóðadómstólinn, og hinn 24. apríl 1953 tjáði sendiherra Íslands í London brezka utanríkisráðuneytinu, að íslenska ríkisstjórnin væri reiðubúin að skjóta þessum ágreiningi til Alþjóðadómstólsins og væri reiðubúin að taka upp viðræður við brezku stjórnina um, á hvern hátt það skyldi gert, að því tilskildu, að löndunarbanninu yrði strax aflétt, að fengnu samkomulagi um málsmeðferð.

Af þessu varð ekki, þar sem brezka ríkisstjórnin taldi sig ekki hafa aðstöðu til að tryggja, að því skilyrði íslensku ríkisstjórnarinnar yrði fullnægt, að löndunarbanninu yrði aflétt, áður en deilumálið færi til dóms.

Löndunarbanninu var ekki aflétt fyrr en í nóvember 1956, eftir að samningar höfðu tekizt, fyrir atbeina Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu (OEEC), milli ís-

lenskra og brezkra togaraeigenda, þar sem settar voru reglur um löndun íslenzks ís-
varins fisks í brezkum höfnum, og er sá samningur enn í gildi.

Næstu aðgerðir Íslendinga í landhelgismálinu voru reglugerð nr. 70 30. júní
1958, þar sem fiskveiðilandhelgin var ákveðin 12 mílur. Grunnlínum þótti hins vegar
ekki fært að breyta.

Samningar boðnir 1958 fyrir milligöngu Atlantshafsbandalagsins.

Fyrir gildistöku reglugerðarinnar 1958 var afstaða Íslands kynnt þeim þjóðum,
sem einkum áttu hér hagsmuna að gæta, og þess freistað að fá þær til að viðurkenna
væntanlegar ráðstafanir Íslendinga.

Í þeim viðræðum, sem þá áttu sér stað á vegum Atlantshafsbandalagsins, var
þátttökuríkjum þess af Íslands hálfu boðið, að þeim skyldi heimilt að láta skip sín
stunda veiðar um þriggja ára skeið milli 6 og 12 mílna allt umhverfis landið, gegn
því skilyrði, að þau viðurkenndu þá þegar 12 mílna fiskveiðilögsögu og að vissar
breytingar yrðu gerðar á grunnlinum. Þessar grunnlíubreytingar voru þó miklum
mun minni en þær breytingar, sem Bretar eru nú reiðubúnir að fallast á til lausnar fisk-
veiðideilunni. Meðal annars var ekki gert ráð fyrir breytingum á grunnlinum hvorki
á Faxaflóa né Selvogsbanka. Þessu tilboði íslenzku ríkisstjórnarinnar var hafnað.

Ríkisstjórnir þær, sem mótmæltu hinum nýju reglum, létu allar sitja við mótmælin
ein, nema brezka ríkisstjórnin, sem ákvað að veita brezkum fiskiskipum her-
skipavernd innan 12 mílna markanna.

Við þetta skapaðist mikið hættuástand á Íslandsmiðum, þar sem íslenzku varð-
skipin háðu ójafna baráttu við ofurefli brezka flotans, og framferði brezkra togara
og herskipa leiddi hvað eftir annað til háskalegra árekstra, svo að lífsháski stafaði af.

Með ályktun Alþingis hinn 5. maí 1959 voru túlkaðar skoðanir alþjóðar á fram-
ferði Breta hér við land og jafnframt ítrekuð sú stefna, sem mörkuð hafði verið þegar
með landgrunnslögunum frá 1948. Ályktun þessi var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf,
sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra her-
skipa inuan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan
fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvilíkar aðgerðir eru augljóslega
ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalts, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland
eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti
þess til landgrunnnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um visindalega verndun
fiskimiða landgrunnnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi
en 12 mílur frá grunnlinum umhverfis landið.“

Ítrekuð mótmæli íslenzku ríkisstjórnarinnar gegn aðgerðum Breta voru ekki
tekin til greina. Það var ekki fyrr en við upphaf ráðstefnunnar í Genf um miðjan
marz 1960, að Bretar ákváðu að hætta þessum aðgerðum, og var þá einungis miðað
við þann tíma, sem ráðstefnan stæði.

Ekki varð samkomulag á ráðstefnu þessari og því við lok hennar alger óvissa
ríkjandi um, hvað við tæki. Þá ákvað íslenzka ríkisstjórnin að veita sakaruppgjöf
öllum þeim brezkum togaraskipstjórum, sem brotlegir höfðu gerzt við reglugerðina
um 12 mílna fiskveiðilandhelgina. Brezkir togaraeigendur tilkynntu síðan, að þeir
mundu ekki láta skip sín veiða innan fiskveiðitakmarkanna næstu þrjá mánuði, talið
frá 12. maí. Síðar var þetta framlengt um tvo mánuði, og enn um óákveðinn tíma,
eftir að viðræður hófust við Breta.

Á s. l. sumri kom þó í ljós, að hættuástandi var ekki bægt frá og alvarlegir á-
rekstrar urðu milli íslenzkra varðskipa og fiskibáta annars vegar og brezkra togara
og herskipa hins vegar.

Um þær mundir bar brezka ríkisstjórnin fram tilmæli til íslenzku ríkisstjórn-
arinnar um viðræður til lausnar fiskveiðideilunni. Ríkisstjórnin féllst á þessi til-
mæli, og segir um það svo í fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu hinn 10.
ágúst 1960:

„Ríkisstjórn Bretlands hefur farið þess á leit við ríkisstjórn Íslands, að teknað verði upp viðræður þeirra í milli um deilu þá, sem er um aðstöðu brezkra fiskiskipa á Íslandsmiðum. Þar sem íslensku ríkisstjórninni virðist einsætt, að kanna beri til hlítar öll úrræði, sem koma mættu í veg fyrir áframhaldandi árekstra á Íslandsmiðum, auk þess sem vinna þurfi að framgangi ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, hefur hún tjáð sig reiðubúna til slíkra viðræðna, jafnframt því, sem hún hefur ítrekað við brezku stjórnina, að hún telur Ísland eiga ótvíræðan rétt að alþjóðalögum til þeirrar fiskveiðilögsögu, sem ákveðin hefur verið.“

Viðræður við Breta hófust í Reykjavík hinn 1. október 1960. Að þeim loknum er það mat ríkisstjórnarinnar, að unnt sé að leysa fiskveiðideiluna á grundvelli orðsendingar þeirrar, sem fylgir þingsályktunartillögu þessari. Er málið þar með lagt fyrir Alþingi til ákvörðunar, enda lýsti forsætisráðherra yfir því í þingbyrjun, að samráð yrði haft við Alþingi, áður en úrslitaákvörðun yrði tekin.

Skal nú gerð fyrir því nánari grein, í hverju lausn deilunnar er fólgin í einstökum atriðum.

Bretar viðurkenna 12 mílur og nýjar grunnlínur.

Samkvæmt 1. tölulið orðsendingarinnar er ráð fyrir því gert, að ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, og er sú lögsaga miðuð við breyttar grunnlínur eins og síðar getur.

Með þessu samkomulagi fær Ísland viðurkenningu Breta á 12 mílna mörkunum, og er auðsætt, hversu mikla þýðingu það hefur, ekki sízt þegar þess er gætt, að til þessa hafa Bretar hvorki viðurkennt formlega 4 mílna fiskveiðilögsöguna frá 1952 né 12 mílna lögsöguna frá 1958.

Í 2. tölulið orðsendingarinnar er gert ráð fyrir að taka upp nýtt grunnlínukerfi okkur miklu hagkvæmara en það, sem hingað til hefur gílt.

Skal nú gerð grein fyrir breytingunum, sem verða á fjórum þýðingarmiklum stöðum við landið.

Fyrsta breytingin er á Húnaflóa og leiðir til þess, að grunnlínupunktum fækkar um þrjá. Verður línan dregin þvert yfir flóann, milli yztu annesja, Horns og Ásbúðarrífs. Við þessa breytingu stækkar svæðið innan 12 mílna markanna um 972 km². Hefur svæði þetta ekki aðeins þýðingu fyrir þá, sem veiðar stunda þar, heldur einnig fyrir veiðar fyrir austan og vestan, vegna fiskigangna á þessum slóðum, og veitir auk þess vernd smáfiski, sem heldur sig þarna.

Önnur breytingin er sunnan Langaness og leiðir einnig til fækkunar á grunnlínupunktum um þrjá. Verður grunnlínan samkvæmt því dregin fyrir mynni þriggja flóa, Bakkaflóa, Vopnafjarðar og Héraðsflóa, auk Borgarfjarðar, úr Langanesi í Glettinganes. Aukning svæðisins innan 12 mílna marka nemur hér 1033 km². Þarna eru þýðingarmiklar ungfiskstöðvar, sem nú fá mjög aukna vernd fyrir togveiðum. Hefur þessi friðun því viðtæka þýðingu, enda sækja þangað vélbátar víða að af Austfjörðum.

Þriðja grunnlínubreytingin er á Faxaflóa og leiðir til fækkunar grunnlínupunkta um tvo, en auk þess sameinast nú Geirfugladrangur grunnlínukerfinu um hverfis landið og miðast suðurendi Faxaflóalínunnar við þann punkt. Geirfugladrangur var áður sjálfstæður grunnlínustaður. Nyrðri endi grunnlínunnar miðast við Skálasnaga á Snæfellsnesi, sem hefur verið nyrztur þriggja grunnlínupunkta á nesinu. Þessi breyting á grunnlínunni leiðir til aukningar á svæðinu innan 12 mílna markanna um 860 km². Er augljóst, hversu mikla þýðingu sú aukning hefur.

Loks er fjórða grunnlínubreytingin og hin mesta, á Selvogsbanka. Þar fækkar grunnlínupunktunum um þrjá og verður línan dregin úr Geirfuglaskeri, sunnan Vestmannaeyja, í Eldeyjardrang vestan Reykjaness. Með því stækkar fiskveiðilögsagan um 2200 km². Þar eru þýðingarmestu hrygningarsvæði nytjafiska við Ísland. Fleiri skip stunda veiðar á þessu svæði en annars staðar við landið. Er erfitt að

meta þá stórkostlegu þýðingu, sem þessi grunnlínubreyting mun hafa fyrir allar fiskveiðar við Ísland í framtíðinni.

Þær fjórar grunnlínubreytingar, sem ráðgerðar eru, leiða samanlagt til aukningar á fiskveiðilögsögunni um 5065 km².

Þessar breytingar á grunnlínunum taka gildi um leið og lausn deilunnar fæst og verða ekki aftur teknar.

Takmörkuð veiðiheimild til Breta í þrjú ár.

Í 3. og 4. tölulið orðsendingarinnar eru ákvæði um, að brezk skip megi stunda veiðar milli 6 og 12 mílna á nánar tilteknum svæðum og tímum og skuli það gilda næstu þrjú ár. Jafnframt er gert ráð fyrir tilteknum svæðum milli 6 og 12 mílna, sem lokuð verði með öllu fyrir veiðum brezkra togara.

Þegar ákvæðið um heimild Breta til veiða milli 6 og 12 mílna er athugað, verður að taka tillit til þriggja atriða, sem skipta meginmáli. Í fyrsta lagi eru grunnlínubreytingarnar, sem áður getur, í öðru lagi þau svæði, sem algerlega eru undanskilin og brezk skip geta aldrei stundað veiðar á, og í þriðja lagi hinn takmarkaði tími á ári hverju, sem veiðarnar eru leyfðar.

Á svæðinu frá Horni að Langanesi er gerð mikilvæg grunnlínubreyting á Húnaflóa. Enn fremur er svæðið milli Grímseyjar og lands með öllu lokað. Sama gildir um svæðið umhverfis Kolbeinsey, en þar er oft mikið magn smáfisks. Um þriggja ára skeið verður brezkum skipum hins vegar leyft að stunda veiðar annars staðar á þessu svæði milli 6 og 12 mílna, en þó aðeins 4 mánuði á ári hverju, á tímabilinu júní til september, þannig, að samanlagður tími þeirra innan 12 mílna markanna verður eitt ár.

Á veiðisvæði Austfjarðabáta frá Langanesi að Mýrnatanga hefur grunnlínubreytingin sunnan Langaness mikla þýðingu. Fyrir Austfjörðum og Suðausturlandi eru veiðar brezkra skipa leyfðar milli 6 og 12 mílna misjafnlega langan tíma á ári hverju. Nyrzt, þar sem grunnlínubreyting er gerð, er veiðitíminn lengstur, 8 mánuðir, á tímabilinu maí til desember. Samanlagt verður þessi tími 2 ár, og vegna grunnlínubreytingarinnar verður verulegur hluti svæðisins milli 6 og 12 mílna utan við núverandi 12 mílna mörk.

Á miðsvæðinu, milli Glettinganess og Setuskers við Reyðarfjörð, eru veiðar brezkra skipa milli 6 og 12 mílna leyfðar í 6 mánuði á ári hverju, mánuðina janúar til apríl og júlí og ágúst. Samanlagt verður þessi tími á hinu þriggja ára tímabili eitt og hálf ár.

Á syðsta svæðinu, sem nær frá Setuskeri að Mýrnatanga í Meðallandsbugt, er brezkum skipum heimilað að veiða milli 6 og 12 mílna í 5 mánuði, marz til júlí. Sú veigamikla undantekning er þó gerð, að á tveimur svæðum, við Hornafjörð og Ingólfshöfða, eru þessar veiðar bannaðar, en þessi svæði hafa undanfarið verið þýðingarmikil fyrir þorskanetjaveiðar báta. Þegar þessi svæði eru undantekin, eru brezkum skipum heimilaðar veiðar samanlagt í 15 mánuði á þriggja ára tímabilinu.

Frá Mýrnatanga að 20° v.l., sem er nokkuð austan við Vestmannaeyjar, eru brezkum skipum heimilaðar veiðar milli 6 og 12 mílna í 5 mánuði, apríl til ágúst. Samanlagður tími á þriggja ára tímabilinu verður einnig hér 15 mánuðir.

Er þá komið að svæðinu frá 20° v.l. að Geirflugladrang, þ. e. að miðunum umhverfis Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka. Hér gætir að sjálfsögðu mjög hinnar stórkostlegu breytingar á grunnlínunum á Selvogsbanka, sem áður getur. Mjög stórt svæði, sem nú er utan 12 mílna markanna, verður við breytinguna innan við 12 mílna mörkin, og meginhluti þess svæðis, sem brezkum skipum verður heimilað að veiða á tímabilið marz til maí ár hvert, um þriggja ára bil, verður utan núverandi 12 mílna marka. Samanlagður tími, sem veiðar verða leyfðar á milli 6 og 12 mílna, nemur 9 mánuðum.

Frá Geirfugladrang að Bjargtöngum, Faxaflói og Breiðafjörður, hefur grunnlínubreytingin mikla þýðingu fyrir Faxaflóa. Hér eru einnig þrjú svæði, sem algerlega verða lokuð til verndar þorskanetjaveiðum, í fyrsta lagi út af sunnanverðum Faxaflóa, í öðru lagi út af Snæfellsnesi og í þriðja lagi út af Breiðafirði. Öll eru þessi svæði þýðingarmikil vegna þorskanetjaveiða. Utan þessara lokuðu svæða verður brezkum skipum heimilað að stunda veiðar á milli 6 og 12 mílna um þriggja ára skeið á tímabilinu marz til maí, eða samanlagt í 9 mánuði.

Loks er svæðið undan Vestfjörðum, frá Bjargtöngum að Horni. Þar er ekki gert ráð fyrir, að brezkum skipum verði heimilaðar neinar veiðar innan 12 mílna marka.

Frambúðaraukning fiskveiðilögsögunnar um 5065 km².

Þegar litið er í heild á þau atriði, sem hér hafa verið talin, og skoðuð þau svæði og tímabil, sem gert er ráð fyrir, að brezkum skipum verði heimilt að veiða á milli 6 og 12 mílna, blasir eftirfarandi við:

Íslensk skip stunda að visu veiðar lengst af á öllum þessum slóðum. Þær veiðar eru þó mjög misjafnlega miklar og fara m. a. að sjálfsögðu eftir fiskigöngum frá ári til árs. Við ákvörðun veiðiheimilda til Breta hefur verið byggt á reynslu síðustu ára og við það miðað, að sem minnst tjón yrði af fyrir fiskveiðar Íslendinga sjálfra.

Í þessu sambandi er fróðlegt að gera sér grein fyrir, hvaða fiskmagn berst á land í mismunandi landshlutum. Eftirfarandi yfirlit sýnir aflamagn bátaflotans, sem landað var á árinu 1959, en það er síðasta heila árið, sem endanlegar upplýsingar eru til um. Þá er enn fremur sýnt, hver hundraðshluti hvers svæðis er í heildaraflamagni bátaflotans. Yfirlit þetta er byggt á skýrslum Fiskifélags Íslands.

Vestfirðir	27 271 smál.	12.2 %
Norðurland, vestra (Djúpavík—Grenivík)	19 955 —	8.9 %
Norðurland, eystra (Grimsey—Þórshöfn)	5 540 —	2.5 %
Austfirðir (Bakkafjörður—Hornafjörður)	13 722 —	6.1 %
Suðvesturland (Vestmannaeyjar—Stykkishólmur) ..	157 111 —	70.3 %

Ef litið er í heild á svæði þau milli 6 og 12 mílna, sem gert er ráð fyrir, að brezkum skipum verði leyft að stunda veiðar á, er flatarmál þeirra samanlagt 14487 km². Hér verður hins vegar að taka tillit til þess, að veiðarnar eru aðeins leyfðar í þrjú ár og í öðru lagi er tíminn takmarkaður á hverju ári við þrjá til átta mánuði. Þegar þessa er gætt, samsvara fyrrgreind svæði því, að Bretum séu heimilaðar veiðar á um 5500 km² í þrjú ár, en það er um 435 km² stærra en það svæði samanlagt, 5065 km², sem aukningin innan 12 mílna markanna nemur vegna grunnlínubreytinga. Sá er þó munurinn, að svæði það, sem vinnst vegna grunnlínubreytinganna, leiðir til stækkunar fiskveiðilögsögunnar, sem ekki verður aftur tekin.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flatarmál íslenskrar fiskveiðilögsögu frá því aðgerðir hófust til aukningar henni og til þeirra breytinga á grunnlínunum, sem gert er ráð fyrir í orðsendingunni.

3 sjómílna fiskveiðitakmörk	24 530 km ²
4 — — (1952)	42 905 km ²
12 — — (1958)	69 809 km ²
12 — — (breyttar grunnlínur 1961)	74 874 km ²

Frekari útfærsla fiskveiðilögsögunnar.

Í lok orðsendingarinnar eru tvö atriði, sem skipta máli.

Ríkisstjórnin lýsir yfir því, að hún muni halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögu við Ísland. Slík útfærsla yrði þó tilkynnt brezku stjórninni með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágrein-

ingur varðandi ráðstafanirnar, skulu þær bornar undir Alþjóðadómstólinn, ef annar hvor aðili óskar þess. Þessi ákvæði eru í samræmi við tillögur og afstöðu Íslands á báðum Genfarráðstefnunum um réttarreglur á hafinu. Á báðum þeim ráðstefnum var lagt til af Íslands hálfu, að þar sem þjóð byggir afkomu sína á fiskveiðum meðfram ströndum, beri strandríki sérstaða, umfram hin almennu fiskveiðitakmörk, enda skyldi ágreiningur borinn undir gerðardóm. Þessar tillögur voru felldar.

Á fyrri Genfarráðstefnunni var samþykktur samningur um verndun fiskimiða úthafsins og undirritaði Ísland hann. Er þar gert ráð fyrir, að þegar sérstaklega stendur á og samningaviðræður við hlutaðeigandi ríki hafa ekki borið árangur, geti strandríki ákveðið einhliða verndarráðstafanir. Eiga þær ráðstafanir að byggjast á vísindalegri nauðsyn og sömu reglur gilda fyrir erlenda þegna sem innlenda. Gerðardómur sker úr, ef ágreiningur verður. Á þessari ráðstefnu var einnig samþykkt ályktun, þar sem mælt var með, að hlutaðeigandi þjóðir hefðu samvinnu um að tryggja forgangsrétt strandríkis, þegar nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir gegn ofveiði, og var þar einnig ákveðið, að gerðardómur skyldi skera úr ágreiningi.

Í orðsendingu þeirri, sem fylgir þessari þingsályktunartillögu, felst engin skuldbinding um, að miðað sé við þær efnistakmarkanir, sem ákveðnar voru í Genf. Hins vegar standa þær leiðir, sem samþykktar voru í Genf, að sjálfsögðu eftir sem áður opnar.

Loks er í orðsendingunni gert ráð fyrir, að hún, ásamt svari brezku ríkisstjórnarinnar, þar sem brezka stjórnin staðfestir efni hennar, verði skrásett hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Í 102. gr. stofnskrár samtakanna kveður á um, að einungis þeir samningar, sem þannig eru skrásettir, geti komið til meðferðar Alþjóðadómstólsins, ef ágreiningur ris um framkvæmd þeirra. Leiðir þetta ákvæði beint af því, sem áður er sagt um málsskot til Alþjóðadómstólsins.

Að endingu er tekið fram, að samkomulag á grundvelli orðsendingarinnar taki þegar gildi.

Hagkvæm lausn.

Tilraunir til að setja allsherjarreglur um víðáttu fiskveiðilögsögu hafa farið út um þúfur.

Fyrir Íslendinga hefur þegar mikið áunnizt, en fiskveiðideilan við Breta stendur enn og er viðbúið, að hún magnist á ný, ef ekki verður að gert.

Ísland er ekki eina ríkið, sem lent hefur í deilum við aðra út af stærð fiskveiðilögsögunnar. Ýmiss konar ágreiningur af þessum sökum hefur verið leystur með samningum ríkja á milli. Er þar skemmst að minnast samninga Rússa, Dana og Norðmanna við Breta.

Árið 1956 gerðu Bretar samning við Sovétríkin um réttindi brezkra fiskiskipa til veiða innan 12 mílna landhelgi við norðurströnd Sovétríkjanna. Samkvæmt samningnum er brezkum skipum heimilt að stunda veiðar allt að þriggja mílna mörkum á tilteknum svæðum. Var samningurinn gerður til 5 ára, en framlengist sjálfkrafa 5 ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila með eins árs fyrirvara. Samningnum var ekki sagt upp og gildir því næstu 5 ár.

Árið 1955 gerðu Bretar samning við Dani um fiskveiðilandhelgi við Færeyjar. Var þar um að ræða nokkra breytingu á grunnlínunum, en landhelgin var eftir sem áður ákveðin 3 mílur. Samningur þessi var gerður til 10 ára. Árið 1959 var gerður nýr samningur milli sömu aðila um landhelgi við Færeyjar. Samkvæmt þeim samningi viðurkenndu Bretar 6 mílna fiskveiðilögsögu við eyjarnar, er skyldi mælast frá stórstraumsfjöruborði. Á milli 6 og 12 mílna voru enn fremur til tekin þrjú tiltölulega lítil svæði, þar sem einungis línu- og handfæraveiðar eru heimilar á tilteknum tímum og gildir það einnig fyrir brezk skip. Samningurinn gildir í þrjú ár, en er uppsegjanlegur eftir það með eins árs fyrirvara. Frá því samningur þessi var gerður, hafa aðrar þjóðir verið útilokaðar frá veiðum milli 6 og 12 mílna

við Færeysjar á þeim forsendum, að þær hafi ekki áður stundað reglubundnar veiðar á því svæði.

Á s. l. hausti gerðu Bretar samning við Norðmenn. Samkvæmt honum viðurkenna Bretar 12 mílna fiskveiðilandhelgi við Noreg, er taki þó ekki gildi gagnvart þeim, fyrr en að 10 árum liðnum. Á þessu tímabili heimilast brezkum skipum að veiða milli 6 og 12 mílna, að undanteknum fjórum tilteknum svæðum, sem eru með öllu lokuð fyrir togveiðum, og nær það einnig til norskra skipa.

Af þessum dæmum er ljóst, að aðrar þjóðir hafa talsvert viljað til vinna að geta fært út fiskveiðilögsögu sína svo að ekki hlytust árekstrar af. Engin þjóð á meira undir fiskveiðum en Íslendingar né hefur ríkari þörf til þess, að friður haldist á miðum umhverfis landið. Nú er um tvennt að velja, að halda deilunni áfram eða leysa hana með samkomulagi, sem er til frambúðar hagkvæmara en þau fiskveiðitakmörk, sem sett voru með reglugerðinni 1958.

Fylgiskjal I.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Bretlands.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið í Reykjavík og London milli ríkisstjórna okkar varðandi fiskveiðideiluna milli landa okkar. Með tilliti til þessara viðræðna er ríkisstjórn mín reiðubúin að leysa deiluna á eftirfarandi grundvelli:

1. Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínunum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.
2. Grunnlínur þær, sem miðað er við í 1. gr., verði hinar sömu og ákveðnar eru í reglugerð nr. 70 30. júní 1958 með breytingum, að grunnlínur verði dregnar milli eftirfarandi punkta:
 - A. Grunnlínupunktur 1 (Horn) til grunnlínupunktur 5 (Ásbúðarrif).
 - B. Grunnlínupunktur 12 (Langanes) til grunnlínupunktur 16 (Glettinganes).
 - C. Grunnlínupunktur 51 (Geirfugladrangur) til grunnlínupunktur 42 (Skálasnagi).
 - D. Grunnlínupunktur 35 (Geirfuglasker) til grunnlínupunktur 39 (Eldeyjar-drangur).Þessar breytingar taki þegar gildi.
3. Í þrjú ár frá dagsetningu svars yðar við orðsendingu þessari mun ríkisstjórn Íslands ekki hindra, að skip sem skrásett eru í Bretlandi, stundi veiðar á svæði því milli sex og tólf mílna innan fiskveiðilögsögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum og tímum:
 - (i) Horn (grunnlínupunktur 1) — Langanes (grunnlínupunktur 12) (júní til september).
 - (ii) Langanes (grunnlínupunktur 12) — Glettinganes (grunnlínupunktur 16) (maí til desember).
 - (iii) Glettinganes (grunnlínupunktur 16) — Setusker (grunnlínupunktur 20) (janúar til apríl og júlí til ágúst).
 - (iv) Setusker (grunnlínupunktur 20) — Mýrnatangi (grunnlínupunktur 30) (marz til júlí).
 - (v) Mýrnatangi (grunnlínupunktur 30) — 20° v.l. (apríl til ágúst).
 - (vi) 20° v.l. — Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) (marz til maí).
 - (vii) Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) — Bjargtangar (grunnlínupunktur 43) (marz til maí).

4. Á áðurgreindu þriggja ára tímabili er þó skipum, sem skráð eru í Bretlandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu milli sex og tólf mílna innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum:
- (i) Milli 63°37' n.br. og 64°13' n.br. (Faxaflói).
 - (ii) Milli 64°40' n.br. og 64°52' n.br. (Snæfellsnes).
 - (iii) Milli 65° n.br. og 65°20' n.br. (Breiðafjörður).
 - (iv) Milli Bjargtanga (grunnlínupunktur 43) og Horns (grunnlínupunktur 1).
 - (v) Á svæði, sem takmarkast af línunum, er dregnar eru frá suðurodda Gríms-eyjar til grunnlínupunkta 6 og 8.
 - (vi) Milli 14°58' v.l. og 15°32' v.l. (Mýrabugt).
 - (vii) Milli 16°12' v.l. og 16°46' v.l. (Ingólfshöfði).

Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og risi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessi orðsending og svar yðar við henni, er staðfesti, að efni hennar sé aðgengilegt ríkisstjórn Bretlands, verði skrásett hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og að samkomulag á þessum grundvelli gangi þegar í gildi.


Fylgiskjal II.

Note from the Foreign Minister of Iceland to the Foreign Minister of the United Kingdom.

Your Excellency,

I have the honour to refer to the discussions which have taken place in Reykjavik and London between our Governments concerning the fisheries dispute between our two countries. In view of these discussions my Government is willing to settle the dispute on the following basis:

1. The United Kingdom Government will no longer object to a twelve-mile fishery zone around Iceland measured from the base lines specified in paragraph 2 below, which relate solely to the delimitation of that zone.
2. The base lines which will be used for the purpose referred to in paragraph 1 above will be those set out in the Icelandic Regulation No. 70 of 30th June 1958, as modified by the use of the base lines drawn between the following points:
 - A. Point 1 (Horn) to Point 5 (Ásbúðarrif).
 - B. Point 12 (Langanes) to Point 16 (Glettinganes).
 - C. Point 51 (Geirfugladrangur) to Point 42 (Skálasnagi).
 - D. Point 35 (Geirfuglasker) to Point 39 (Eldeyjardrangur).
 These modifications will enter into force immediately.
3. For a period of three years from the date of Your Excellency's reply to this Note, the Icelandic Government will not object to vessels registered in the United Kingdom fishing within the outer six miles of the fishery zone referred to in paragraphs 1 and 2 above within the following areas during the periods specified:
 - (i) Horn (Point 1) — Langanes (Point 12) (June to September).
 - (ii) Langanes (Point 12) — Glettinganes (Point 16) (May to December).
 - (iii) Glettinganes (Point 16) — Setusker (Point 20) (January to April and July to August).
 - (iv) Setusker (Point 20) — Mýrnatangi (Point 30) (March to July).



- (v) Mýrnatangi (Point 30) — 20° west longitude (April to August).
 - (vi) 20° west longitude — Geirfugladrangur (Point 51) (March to May).
 - (vii) Geirfugladrangur (Point 51) — Bjargtangar (Point 43) (March to May).
4. There will, however, be no fishing by vessels registered in the United Kingdom in the outer six miles of the fishery zone referred to in paragraphs 1 and 2 during the aforesaid period of three years in the following areas:
- (i) Between 63°37' north latitude and 64°13' north latitude (Faxaflói).
 - (ii) Between 64°40' north latitude and 64°52' north latitude (Snæfellsnes).
 - (iii) Between 65° north latitude and 65°20' north latitude (Breiðafjörður).
 - (iv) Between Bjargtangar (Point 43) and Horn (Point 1).
 - (v) Off the mainland in the area delimited by lines drawn from the southernmost point of Grimsey to base points 6 and 8.
 - (vi) Between 14°58' west longitude and 15°32' west longitude (Mýrabugt).
 - (vii) Between 16°12' west longitude and 16°46' west longitude (Ingólfshöfði).

The Icelandic Government will continue to work for the implementation of the Althing Resolution of May 5, 1959, regarding the extension of fisheries jurisdiction around Iceland, but shall give to the United Kingdom Government six months' notice of such extension and, in case of a dispute in relation to such extension, the matter shall, at the request of either party, be referred to the International Court of Justice.

I have the honour to suggest that this Note and Your Excellency's reply thereto, confirming that its contents are acceptable to the United Kingdom Government, shall be registered with the Secretary General of the United Nations in accordance with Article 102 of the United Nations Charter, and further to suggest that a settlement on this basis shall become effective forthwith.